

# Aðalfundur Vatns- og fráveitufélagsins 2024

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 30. maí, 2024 kl. 15:00 og var boðaður með tölvupósti til félagsmanna þann 29. apríl 2024 með dagskrá samkvæmt lögum félagsins.

Formaður VAFRÍS setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hann gerði það að tillögu sinni að Sigurður Grétar Sigmarsson yrði fundarstjóri og Sigrún Tómasdóttir yrði fundarritari. Fundurinn samþykkti það einróma og tók Sigurður þá við stjórn fundarins.

Sigurður kynnti dagskrárlíði samkvæmt lögum félagsins.

Samkvæmt lögum félagsins skal kynna tillögur að lagabreytingum með fundarboði aðalfundar. Stjórn félagsins gerir tillögur um minniháttar lagabreytingar. Engar fleiri tillögur bárust stjórn félagsins. Lagabreytingar eru teknar fyrir í 6.dagskrárlíð aðalfundarins.

Aðalfundurinn var boðaður með tölvupósti til félagsmanna auk þess að vera kynntur á samfélagsmiðlavef félagsins.

## Fastir liðir á dagskrá aðalfundar voru (skv. lögum félagsins):

- 1. Skýrsla formanns. Fundarstjóri gefur formanni, Hlöðveri Stefáni Þorgeirssyni, orðið.**
  - a. Hlöðver flutti skýrslu stjórnar sem verður aðgengileg á vef félagsins.
- 2. Yfirferð endurskoðaðra reikninga félagsins. Hrund Ólöf Andradóttir gjaldkeri**
  - a) Hrund fór yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning 1. maí 2023 – 27. maí 2024
  - b) Rekstrarniðurstaða ársins er kr. +276.504 kr. og eignir og eigið fé eru samtals kr. 1.715.098 kr.
  - c) Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi taka til máls um ársreikninga félagsins. Svo var ekki og reikningar félagsins voru samþykktir einróma. Spurt var um hve margir félagar væru í félaginu og var svarið að félagar væru 213
- 3. Kosning stjórnar og formanns.**
  - a) Stjórnarfolk er kosið til tveggja ára í senn
  - b) Kjörtímabil allra stjórnarmanna var útrunnið nema Sigrúnar Tómasdóttur
  - c) Hlöðver, Baldur, Hrund og Sigurður gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu
  - d) Fundarstjóri spurði um önnur framboð
  - e) Svo var ekki og heldur því sama stjórnin áfram
- 4. Kosning skoðunarmanna.**
  - a) Brynjólfur Björnsson, núverandi skoðunarmaður, var ekki á staðnum
  - b) Spurt var hvort einhver félagsmaður á staðnum gæti gefið kost á sér
  - c) Ásta Ósk Hlöðversdóttir gaf kost á sér sem skoðunarmaður
  - d) Þetta var samþykkt með lófaklappi

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "HÓA" and "51".

## 5. Ákvörðun á félagsgjöldum.

- a) Stjórn félagsins gerði árið 2023 tillögu um að hækka árgjöld VAFRÍS um 10% einstaklingsfélagsgjöld fóru þannig úr 2000 kr. í 2.200 kr. og félagsgjöld lögaðila fóru úr kr. 20.000 í kr. 22.000
- b) Lagt er til að þetta haldist óbreytt. Samþykkt samhljóða

## 6. Lagabreytingar

Stjórn félagsins gerir tillögu að eftirfarandi lagabreytingum til afgreiðslu á fundinum:

- Lagt er til að fella út skammstöfunina VAFRÍ úr 1. grein og láta nafn félagsins, *Vatns og fráveitufélag Íslands daga. Þ.e.a.s.*
  - 1. grein hefjist svo: „Félagið heitir Vatns- og fráveitufélag Íslands, og nær...“. Í stað núverandi: „Félagið heitir Vatns- og fráveitufélag, Íslands, skammstafað VAFRÍ, og nær...“.

Samþykkt samhljóða.

- Lagt er til að ákvæðum laganna um tímaramma fyrir aðalfundi. Þ.e.a.s.
  - 5. grein hefjist svo: „Aðalfund skal halda eigi síðar en í maílok á hvert og...“. Í stað núverandi: „Aðalfund skal halda eigi síðar en í apríllök á hvert og...“.

Samþykkt samhljóða.

- Lagt er til að breyta ákvæðum laganna um reikningsár félagsins. Þ.e.a.s.
  - Viðkomandi málsgrein 5. greinar verði: „Reikningsár félagsins er starfsár þess, sem afmarkast af aðalfundum“. Í stað núverandi: „Reikningsár félagsins er almanaksárið.“

Samþykkt samhljóða.

## 7. Önnur mál.

Baldur Dýrfjörð tók til máls og vakti máls á því að sá möguleiki hafi skapast í eldsumbrotunum, og sé enn til staðar, að sveitarfélögin gætu misst bæði heitt og kalt vatn. Borun á tveimur nýjum vatnstökuholum hefur farið fram í Árnarétt sem er vatnsból fyrir Garð. Afkastagetan núna myndi duga fyrir grunnnotendum í sveitarfélaginu. Heilbrigðiseftirlitið hefur óskað eftir því að framkvæmdar verði heildarúttektir á vatninu þar sem greint verði fyrir viðbótarefnum umfram venjulega úttekt vegna nálægðar við gömlu herstöðvarnar. Þetta vatnshlot er flokkað í óvissuflokki skv. Vatnaáætlun. Spurningar vakna um hver ætti að standa straum af svona kostnaði. Baldur Dýrfjörð hefur stungið uppá því að starfshópur verði settur saman til þess að skoða þetta mál, mögulega mengun og viðbrögð og leggur einnig til að VAFRÍS skoði þetta, t.d. með fræðslufundum eða vinnustofu.

Sigurður bendir á að nýlega hafi verið stofnað félag um mengun almennt, FUMÍS, bæði í vatni og jarðvegi. Jafnvel væri hægt að kalla þessi félög saman á vinnustofu.

Hó 4  
SI  
[Handwritten signatures]

8. Fleira ekki gert og aðalfundi slitið kl. 15:45

Stjórn VAFRÍS;

Sigrún Tomarsdóttir

Sigurður

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Baldur Þorvaldsson